

**Sp.**

**422. Tillaga til þingsályktunar**

um rannsókn á því, hvað gera þurfi, til þess að Lagarfljót verði skipgengt.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Páll Zóphóniasson, Páll Hermannsson, Ingvar Pálmason.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara rannsókn á því, hvað gera þurfi, til þess að Lagarfljót verði skipgengt upp að Lagarfossi, og hver mundi verða kostnaður við slíkar framkvæmdir.

Kostnaður við rannsókn þessa greiðist úr rikissjóði.

**Greinargerð.**

Mönnum leikur mjög hugur á því að vita, hvort unnt muni með kleifum kostnaði að gera Lagarfljót skipgengt upp að Lagarfossi. Þeim, sem til þekkja, er ljóst, að slík framkvæmd mundi gerbreyta til batnaðar lífsskilyrðum á Fljótsdalshéraði. Verða eigi séð fyrir þau stórvirki, sem unnin yrðu, ef þetta kæmist í framkvæmd ásamt virkjun Lagarfoss. Slíkar framkvæmdir myndu bæta stórkostlega alla aðstöðu til búnaðar á Fljótsdalshéraði og myndu skapa óvenjulega glæsileg skilyrði til iðnrekstrar og siglinga mitt í einu blómlegasta landbúnaðarhéraði landsins.

Nánar í framsögu.